

Ed.

**431. Frumvarp**

til laga um skógrækt.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Skógrækt skal hefja og framkvæma með því að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hér á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógar og gróðursetning. Leggja skal og stund á varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn skógræktarmála og sandgræðslumála.

2. gr.

Skipa skal skógræktarstjóra, og hefir hann á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til skógræktar. Hann skal hafa stundað skóg-

rækt og int af hendi próf, er landsstjórnin tekur gilt. Skógræktarstjóri hefir að launum 2400 kr.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði. Skulu þeir vera fyrst um sinn tveir. Laun þeirra skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sér sérstakrar þekkingar í skógrækt, og staðist próf, sem stjórn skógræktarmálanna tekur gilt. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir landssjóðs, og hafa umsjón með trjáræktarsvæðum hans, líta eftir meðferð skóga og kjarrs, og annast framkvæmdir á skógræktarstörfum. Fela má skógræktarstjóra skógvarðarstörf á því svæði er stjórnin nánar til tekur. Fela má og skógvörðum athugun sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmd sandgræðsluráðstafana, er gerðar kunna að vera.

4. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal nánara ákveða með reglugerð, sem stjórnarráðið setur.

5. gr.

Nú vill maður höggva skóg eða kjarr, og skal hann þá höggva innan úr á við og dreif svo að skógurinn eða kjarrið grísjist. Ekkert svæði má berhöggva nema landið sé tekið til ræktunar. Birkirunnum í skógum og kjörum má ekki kippa upp. Ekki má heldur án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarða taka beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng né meltágar. Mosa má og ekki taka nema í skóglausu og kjarrlausu mýrlendi. Ennfremur er skógræktarstjóra og skógarvörðum heimilt að banna að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum.

6. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

7. gr.

Skógræktarstjórinn og skógarverðirnir skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim, er getur um í 5. gr. skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skógin eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslost vinnu til þess að höggva á alt að 200 ferstikna svæði í skógunum eða kjarrinu til þess að sýna, hvernig höggva skal.

8. gr.

Eigendur og notendur skóga og kjarrs geta eigi bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum eða öðrum þeim, sem eftirlitið þykynni að vera falið, nauðsynlega umferð um land sitt, hvort sem það er girt eða ógirt.

9. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra að taka allt að 25 teiga lands í skógar eða kjarrsvæðum á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Kostnaðurinn, er af friðuninni leiðir, greiðist af fé því, er veitt er til skógræktar úr landssjóði. — Á þessu svæði skal ekkert höggva, nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það, eftir mati óvilhallra manna.

10. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstakar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhverstaðar horfir til stór-skemda eða auðnar af þessum völdum, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til varnar eyðileggingu.

11. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum, og skógræktarstjóri og skógarverðir í umdæmum sínum, hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs, og hvort brotið sé mót friðunar-ákvæðunum í 5. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til stjórnarráðsins, og ákveður það svo í samráði við skógræktarstjóra, hvað gera skuli í málinu.

12. gr.

Ábúendum jarða er skylt að segja skógarvörðum eða skógræktarstjóra til um ný landspjöll, svo sem landbrot, jarðfok eða sandfok, en þeir skulu gefa stjórnarráðinu skýrslu um þau, svo að ráðstafanir megi gera til þess að hefta þau eða bæta, ef uggvænt þykir að þau séu héraðshætta.

13. gr.

Brot á móti lögum þessum og ákvæðum þeirra um meðferð skóga og kjarrs varða sektum frá 5—100 kr., er renna í landssjóð. Um mál út af brotum á lögnum fer sem um almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 22. nóvbr. 1907, og lög um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl. frá 30. júlí 1909.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.